

L Ö G

40

um breyting á lagaákvæðum um verðtolla.

12. júní

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Fyrirmælin í lagaákvæðunum um verðtoll um það, að stimpla skuli innkaupsreikninga með merkjum þeim og á þann hátt, er um ræðir í lögum nr. 75 27. júní 1921, eru úr gildi numin. Innheimtulaun af verðtollum skulu þó vera sem áður.

Fjármálaráðherra skipar fyrir um kvittun fyrir verðtollum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 12. júní 1939.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jakob Möller.

L Ö G

41

um breyting á lögum nr. 28 27. júní 1921, um verzlun með tilbúinn áburð og kjaranfóður.

12. júní

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

a. Á eftir orðunum „kjaranfóður“ í fyrsta másl. 2. gr. laganna bætist: annað en síldarmjöl.

b. Orðið „síldarmjöl“ í sama másl. fellur niður.

c. Á eftir 2. másl. sömu lagagreinar bætist nýr máslíður:

Óheimilt er að selja síldarmjöl til fóðurs innanlands, nema fram hafi farið flokkun og mat á mjölinu. Tryggingarskirteini skal ætíð fylgja

41
12. júní

vörunni til kaupanda, þótt minna sé selt en 300 kg. Skal þar tilgreind efna-
samsetning mjölsins og umbúðir jafnan merktar verksmiðjumerki.
d. 10. og 11. tölul. sömu lagagreinar falla niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1939.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 12. júní 1939.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Hermann Jónasson.

42
16. júní

AUGLÝSING

um viðskiptaákvæði milli Íslands og Argentínu.

Í sambandi við beztukjarasamning, sem undirritaður var við lýðveldið Argentinu þann 18. apríl 1939 varð að samkomulagi milli ríkisstjórna Íslands og Argentínu, að aðflutningsgjöld á íslenskum saltfiski í Argentínu skuli, frá undirskriftardeggi sammingsins, lækka um 0.03 gullpesos á kílógram, og aðflutningsgjöld á Íslandi á neðangreindum vörum lækkað um 50% eins og fyrir er mælt í auglýsingu fjármálaráðuneytisins 17. apríl 1939, þ. e. á: Makkaroni, tomatpuré, trefjabaðmull (Fiberbomuld), Quebrachoextrakt, perur nýjar, vinber ný.

Aðflutningsgjaldalækkun á tveimur síðasttöldu vörutegundunum tekur þó aðeins til þeirra ávaxta, sem koma hingað til lands á tímabilinu 1. febrúar til 31. júlí ár hvert.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Forsætisráðuneytið, utanríkismáladeild, 16. júní 1939.

Stefán Jóh. Stefánsson.